

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, mánudaginn 4. júlí var haldinn 144. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17:30. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Hafsteinn Númason, Ólafur Þór Zoéga og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran áheyrnafulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina og Margrét Richter, deildarstjóri fjármála og rekstrar hjá Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð

### Petta gerðist:

1. Lögð var fram eftirfarandi bókun hverfisráðsins um landnot og lóðarleigu í Esjuhlíðum undir rekstur kláfs milli Reykjavíkurborgar sem leigutaka og Ríkissjóðs Íslands sem leigusala.

Hverfisráð Kjalarness telur að áður en ráðist er í svo stórt verkefni sem Esjuferjan er, þar sem fyrirhugað er að setja upp kláf sem tekur allt að 80 manns, sé mikilvægt að skoða fyrst fjölbreyttar hugmyndir um uppbyggingu þessa útivistarsvæðis og hafa gott samráð við nærsamfélagið og hagsmunaaðila s.s. íbúa í næsta nágrenni við Mógilsá, atvinnurekendur á staðnum og aðra íbúa borgarinnar. Þess má geta að íbúar á svæðinu hafa ítrekað óskað eftir fundi með skipulagsyfirlöðum um málið án árangurs.

Hverfisráðið telur ekki tímabært að Reykjavíkurborg undirriti samkomulag um leigu á landi af ríkinu til þessa tiltekna verkefnis þar sem fyrrgreind hugmyndavinna og samráð hefur ekki farið fram. Undirritun leigusamnings af hálfu Reykjavíkurborgar er á þessu stigi máls of stórt skref í átt að samþykki verkefnisins.

Hverfisráðið mótmælir því harðlega að borgin gangi erinda einkafyrirtækis sem hefur mjög einsleita sýn á uppbyggingu útivistarsvæðis við Mógilsá þar sem risastór kláfur sem borinn er uppi af að minnsta kosti 37 metra möstrum og hugsanlega mun hærri, ásamt byggingu þjónustumiðstöðvar á Rauðhóli er þungamiðja tillögunnar. Hverfisráðið hvetur borgaryfirlöð til að horfa til framtíðar og ef til stendur að fara í uppbyggingu svæðisins við Mógilsá að efna til samkeppni um útivistarmöguleika í Esjuhlíðum þar sem saman fer óspillt náttúra, fegurð og ásýnd Esjunnar og auknir möguleikar borgarbúa og annarra til útivistar á og við fjallið.

Kláfurinn og þær fyrirhuguðu, óafturkræfu framkvæmdir sem honum fylgja skv. leigusamningi munu hafa mikil áhrif á landsvæðið við Mógilsá og valda því að svæðið, sem er eitt það fallegasta á Esjunni, verður ekki sama náttúruperlan því kláfurinn mun liggja við og yfir svæðið þar sem nú þegar eru fjölfarnir göngustígar og skógurinn er hvað þéttastur.

Gönguleiðir á og við Esjuna í landi Mógilsár hafa um lengri tíma verið eitt af vinsælustu útivistarsvæðum höfuðborgarbúa og Esjan er eitt helsta kennileiti borgarinnar. Því er mikilvægt að horft sé til framtíðar ef breyta á skipulagi svæðisins og að tekið sé sérstakt tillit til:

- umhverfis s.s. landslags og gróðurs,
- þarfa og upplifunar þeirra sem nú þegar nýta svæðið til útivistar, og
- ásýndar Esjunnar sem stendur íbúum á höfuðborgarsvæðinu afar nærri.

Hverfisráð Kjalarness tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar dags. 7. ágúst 2014 þar sem m.a. segir að stofnunin telji “að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar gætu orðið neikvæð á landslag vegna bygginga í hlíðum Esju og neikvæð sjónræn áhrif vegna bygginga, vegagerðar og byggingu mastra.”

Hverfisráðið tekur einnig undir sjónarmið Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur dags. 18. júní 2015 þar sem fram kemur í seinni umsögn sviðsins um rekstur Esjuferju að skoða þurfi mjög gaumgæfilega þau samfélagslegu áhrif sem miklar ásýndarbreytingar á Esjunni gætu haft í för með sér.

Framangreind umsögn var unnin og samþykkt af öllum fulltrúum í hverfisráði Kjalarness en þeir eru: Sigríður Pétursdóttir, Eldey Huld Jónsdóttir, Ólafur Þór Zoéga, Guðfinna Ármannsdóttir, Hafsteinn Númason og Jóna Björg Sætran.

**Fundi slitið kl. 18:30**

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Guðfinna Ármannsdóttir  
Hafsteinn Númason

Ólafur Þór Zoéga